

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1430/2007

2010/EES/21/01

frá 5. desember 2007

um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (1), einkum ii. lið c-liðar 11. gr. og þriðju undirgrein 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þýskaland, Lúxemborg, Austurríki og Ítalía hafa lagt fram rökstuddar beiðni um breytingar á II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB. Holland hefur lagt fram rökstudda beiðni um breytingu á III. viðauka við tilskipun 2005/36/EB.
- 2) Þýskaland hefur lagt fram beiðni um að orðinu „heilsugæsla“ („Gesundheit“) verði bætt við starfsheitið barnahjúkrunarfræðingur („Kinderkrankenschwester/Kinderkrankenpfleger“). Lög frá 16. júlí 2003 um hjúkrun, sem öðluðust gildi 1. janúar 2004, breyttu inntaki viðeigandi náms og við það breyttist starfsheitið í „heilsugæslu- og barnahjúkrunarfræðingur“ („Gesundheits- und Kinderkrankenpfleger(in)“). Uppbygging og skilyrði fyrir aðgangi að náminu haldast óbreytt.
- 3) Þýskaland hefur lagt fram beiðni um að starf geðhjúkrunarfræðings („Psychiatrische(r) Krankenschwester/Krankenpfleger“) verði fjarlægð úr II. viðauka þar sem þetta nám kemur til viðbótar námi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun og fellur því undir skilgreiningu prófskírteinisins.
- 4) Þýskaland hefur lagt fram beiðni um að starfi öldrunarhjúkrunarfræðinga („Altenpflegerin und Altenpfleger“), sem fullnægir skilyrðunum sem kveðið er á um í ii. lið c-liðar 11. gr. tilskipunar 2005/36/EB, verði bætt við, eins og fram kemur í lögum frá 17. nóvember 2000 um öldrunarþjónustu og reglugerð frá 26. nóvember 2002 um nám og próf í öldrunarhjúkrun.
- 5) Loks hefur Þýskaland beiðið um að störfin framleiðandi gervilima og umbúða („Bandagist“) og stoðtækjasmíður („Orthopädiemechaniker“) verði sameinuð undir heitinu stoðtækjasmíður („Orthopädietechniker“), í samræmi við reglugerð um handverk (Handwerksordnung í útgáfunni sem gefin var út 24. september 1998 (BGBl. I bls. 3074; 2006 I bls. 2095), síðast breytt með 146. gr. reglugerðarinnar frá 31. október 2006 (BGBl. I bls. 2407)).
- 6) Lúxemborg hefur lagt fram beiðni um að skipta starfsheitinu „barnahjúkrunarfræðingur“ („infirmier puériculteur“) út fyrir „infirmier en pédiatrie“ (engin breyting á íslensku þýðingunni), „svæfingahjúkrunarfræðingur“ („infirmier anesthésiste“) fyrir „svæfinga- og gjörgæsluhjúkrunarfræðingur“ („infirmier en anesthésie et réanimation“) og „viðurkenndur nuddari“ („masseur diplômé“) fyrir „nuddari“ („masseur“) í kjölfar breytinga á lögum frá 26. mars 1992 um frammistöðu og endurmat á tilteknum störfum í heilbrigðisþjónustunni. Námsfyrirkomulag er óbreytt.
- 7) Austurríki hefur lagt fram beiðni um nákvæmari lýsingu á námi geðhjúkrunarfræðinga og barnahjúkrunarfræðinga, eins og mælt er fyrir um í lögum um hjúkrun (BGBl. I nr. 108/1997).
- 8) Ítalía hefur lagt fram beiðni um að störfin landmælingamaður („geometra“) og landbúnaðarráðgjafi („perito agrario“) verði fjarlægð úr II. viðauka vegna þess að þau krefjast náms sem fellur undir skilgreiningu prófskírteinisins í 55. gr. forsetaúrskurðar nr. 328 frá 5. júní 2001 og I. viðauka lagaúrskurðar nr. 227 frá 8. júlí 2003.
- 9) Þýskaland, Lúxemborg og Austurríki hafa lagt fram beiðni um að bætt verði við II. viðauka nokkrum námsáætlanum sem gefur rétt til heitisins meistari (Meister/Maitre). Þessar námsáætlanir eru í aðalatriðum reglufestar með eftirfarandi löggjöf: í Þýskalandi: Reglugerð um handverk (Handwerksordnung í útgáfunni sem gefin var út 24. september 1998 (BGBl. I bls. 3074; 2006 I bls. 2095), síðast breytt með 146. gr. fyrir málanna frá 31. október 2006 (BGBl. I bls. 2407)), í Lúxemborg: lög frá 28. desember 1988 (Stjtið. EB frá 28. desember 1988 A nr. 72) og Grand-Ducal reglugerðin frá 4. febrúar 2005 (Stjtið. EB frá 10. mars 2005 A — nr. 29), í Austurríki: reglugerð um viðskipti og iðnað (Gewerbeordnung) frá 1994 (BGBl. nr. 194/1994, eins og þeim var breytt í BGBl. I nr. 15/2006). Þær uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í ii. lið c-liðar 11. gr. tilskipunar 2005/36/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 50/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 21.8.2008, bls. 20.

(1) Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22. Tilskipuninni var breytt með tilskipun ráðsins 2006/100/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 141).

- 10) Holland hefur lagt fram beiðni um breytingu á III. viðauka á lýsingu á lögvernduðu námi til að taka tillit til breytinga sem voru innleiddar með lögum um menntun og starfsnám (WEB-lögin frá 1996). Þetta nám uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í þriðju undirgrein 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2005/36/EB.
- 11) Því ber að breyta ákvörðun 2005/36/EB til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar fyrir viðurkenningu á faglegru menntun og hæfi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við tilskipun 2005/36/EB er hér með breytt eins og segir í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við tilskipun 2005/36/EB er breytt sem hér segir:

I. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. liðar er breytt sem hér segir:

a) undir „í Þýskalandi“:

i. í stað fyrsta undirliðar komi eftirfarandi:

„— heilsugæslu- og barnahjúkrunarfræðinga („Gesundheits- und Kinderkrankenpfleger(in)“),

ii. fjórði undirliður falli brott,

iii. eftirfarandi undirliður bætist við:

„— öldrunarhjúkrunarfræðinga („Altenpflegerin und Altenpfleger“),

b) undir „í Lúxemborg“ komi eftirfarandi í stað fimmta, sjötta og sjöunda undirliðar:

„— barnahjúkrunarfræðinga („infirmier(ère) en pédiatrie“),

— svæfinga- og gjörgæsluhjúkrunarfræðinga („infirmier en anesthésie et réanimation“),

— nuddara („masseur“),

c) undir „í Austurríki“:

i. eftirfarandi texta er bætt við á eftir fyrsta undirlið um sérstakt grunnám fyrir hjúkrunarfræðinga sem sérhæfa sig í umönnun barna og ungmenna („spezielle Grundausbildung in der Kinder- und Jugendlichenpflege“):

„sem felur í sér a.m.k. 13 ára nám alls, þ.m.t. minnst tíu ára almennt nám og þriggja ára starfsnám í fagskóla á sviði hjúkrunarfræði sem lýkur með prófi sem viðkomandi verður að standast til að fá prófskírteini“,

ii. eftirfarandi texta er bætt við á eftir öðrum undirlið um sérstakt grunnám fyrir hjúkrunarfræðinga sem sérhæfa sig í geðheilbrigðisþjónustu („spezielle Grundausbildung in der psychiatrischen Gesundheits- und Krankenpflege“),

„sem felur í sér a.m.k. 13 ára nám alls, þ.m.t. minnst tíu ára almennt nám og þriggja ára starfsnám í fagskóla á sviði hjúkrunarfræði og lýkur með prófi sem viðkomandi verður að standast til að fá prófskírteini“,

2. í 2. lið er liðnum „í Þýskalandi“ breytt eins og hér segir:

i. í stað þriðja undirliðar komi eftirfarandi:

„— stoðtækjasmíði („Orthopädietechniker“),“,

ii. fimmti undirliður falli brott,

3. eftirfarandi texti bætist við á eftir 2. lið:

„2a Meister/Maître (menntun og faglegt nám sem gefur rétt á heitinu Meister/Maître) í eftirfarandi starfsgreinum:

í Þýskalandi, nám fyrir/í:

- málmsmiði („Metallbauer“),
- smiði skurðlækningatækja („Chirurgiemechaniker“),
- undirvagna- og ökutækjasmíði („Karosserie- und Fahrzeugbauer“),
- rafeindavélfræðinga bifreiða („Kraftfahrzeugtechniker“),
- vélvirkja léttra vélhjóra og reiðhjóra („Zweiradmechaniker“),
- tæknimenn kælikerfa („Kälteanlagenbauer“),
- upplýsingatæknifræðinga („Informationstechniker“),
- landbúnaðarvélvirkja („Landmaschinenmechaniker“),
- byssusmiði („Büchsenmacher“),
- pípulagningamenn („Klempner“),
- tæknimenn við smíði og uppsetningu hita- og loftræstikerfa („Installateur und Heizungsbauer“),
- rafmagnstæknifræðinga („Elektrotechniker“),
- rafvélavirkja („Elektromaschinenbauer“),
- báta- og skipasmíði („Boots- und Schiffbauer“),
- múrhleðslumenn og starfsmenn við steinsteypuvinnu („Maurer und Betonbauer“),
- tæknimenn við ofna og lofthitabúnað („Ofen- und Luftheizungsbauer“),
- trésmíði („Zimmerer“),
- þaklagningarmenn („Dachdecker“),
- starfsmenn við vegagerð („Straßenbauer“),
- þá sem starfa við hita-, kulda- og hljóðeinangrun („Wärme-, Kälte- und Schallschutzisolerer“),
- starfsmenn við boranir brunna („Brunnenbauer“),
- steinsmiði („Steinmetz und Steinbildhauer“),
- múrara sem vinna við gífsskreytingar („Stuckateur“),
- málara og lakkara („Maler und Lackierer“),
- þá sem annast uppsetningu vinnupalla („Gerüstbauer“),
- sótara („Schornsteinfeger“),
- vélvirkja á sviði smágerðra véla („Feinwerkmechaniker“),
- trésmíði („Tischler“),

- kaðlagerðarmenn („Seiler“),
- bakara („Bäcker“),
- kökugerðarmenn („Konditor“),
- slátrara („Fleischer“),
- hárgreiðslufólk („Frisör“),
- glersmiði („Glaser“),
- glerblásara og glergerðarmenn („Glasbläser und Glasapparatebauer“),
- þá sem starfa við súlfun og viðgerðir dekkja („Vulkaniseur und Reifenmechaniker“),

í Lúxemborg:

- bakara/kökugerðarmenn („boulangier-pâtissier“),
- köku-, súkkulaði-, sætindagerðar- og ísgerðarmenn („pâtissier-chocolatier-confiseur-glaçier“),
- slátrara/kjötiðnaðarmenn („boucher-charcutier“),
- slátrara/kjötiðnaðarmenn sem vinna við slátrun hesta („boucher-charcutier-chevalin“),
- veitingamenn („traiteur“),
- malara („meunier“),
- klæðskera („tailleur-couturier“),
- hattasaumskonur/hattara („modiste-chapelier“),
- feldskera („fourreur“),
- skósmiði („bottier-cordonnier“),
- úrsmiði („horloger“),
- gull- og silfursmiði („bijoutier-orfèvre“),
- hárgreiðslufólk („coiffeur“),
- snyrtifræðingur („esthéticien“),
- almenna vélaverkfræðingur („mécanicien en mécanique générale“),
- starfsmenn sem sjá um uppsetningu á lyftum, lyftubúnaði, rúllustigum og færslubúnaði („installateur d’ascenseurs, de monte-charges, d’escaliers mécaniques et de matériel de manutention“),
- byssusmiði („armurier“),
- járnsmiði („forgeron“),
- iðnaðar- og vinnuvélavélvirkja („mécanicien de machines et de matériels industriels et de la construction“),
- bifreiða- og bifhjólavirkja og rafeindavirkja bifvéla („mécanicien-électronicien d’autos et de motos“),
- smiði og viðgerðarmenn á yfirbyggingum bifreiða („constructeur réparateur de carrosseries“),

- viðgerðarmenn/bílamálara fyrir yfirbyggingar bifreiða („débossleur-peintre de véhicules automoteurs“),
- þá sem vefja spólur („bobineur“),
- rafeindavirkja sem setja upp hljóð- og myndmiðlunarkerfi („électronicien d’installations et d’appareils audiovisuels“),
- smiði og viðgerðarmenn kaplakerfa („constructeur réparateur de réseaux de télédistribution“),
- rafeindavirkja innan skrifstofu- og upplýsingatækni („électronicien en bureautique et en informatique“),
- viðgerðarmenn landbúnaðar- og vínframleiðslutækja („mécanicien de machines et de matériel agricoles et viticoles“),
- koparsmiði („chaudronnier“),
- þá sem annast galvanhúðun („galvaniseur“),
- bifreiðaskoðunarmenn („expert en automobiles“),
- byggingaverktaka („entrepreneur de construction“),
- verktaka við gatnagerð/hellulagnir („entrepreneur de paving contractor et de pavage“),
- sérfræðinga við lagningu steinsteypra gólfa („confectionneur de chapes“),
- tæknimenn hita-, hljóð- og vatnseinangrunar („entrepreneur d’isolations thermiques, acoustiques et d’étanchéité“),
- tæknimenn hita- og frárennslislagna („installateur de chauffage-sanitaire“),
- uppsetningarmenn kælikerfa („installateur frigoriste“),
- rafvirkja („électricien“),
- uppsetningarmenn ljósaskilta („installateur d’enseignes lumineuses“),
- rafeindavirkja innan samskipta- og upplýsingatækni („électronicien en communication et en informatique“),
- tæknimenn öryggis- og viðvörðunarkerfa („installateur de systèmes d’alarmes et de sécurité“),
- húsgagnsmiði („menuisier-ébéniste“),
- parketlagningamenn („parqueteur“),
- uppsetningarmenn fyrir forsmíðaðar einingar („poseur d’éléments préfabriqués“),
- framleiðendur/uppsetningarmenn fyrir gluggahlara, rimlatjöld, útdraganleg skyggni og rúllugluggatjöld („fabricant poseur de volets, de jalousies, de marquises et de store“),
- málmismiði („entrepreneur de constructions métalliques“),
- ofnaframleiðendur („constructeur de fours“),
- þaksmiði/blikksmiði („couvreur-ferblantier“),
- trésmiði („charpentier“),
- marmaraslípara/steinsmiði („marbrier-tailleur de pierres“),
- flísalagningamenn („carreleur“),
- múrara sem vinna við loft og útveggi („plafonneur-façadier“),

- málara („peintre-décorateur“),
- glerslípara og speglagerðarmenn („vitrier-miroitier“),
- bólstrara/innanhússhönnuði („tapissier-décorateur“),
- framleiðendur/uppsetningarmenn arinofna og kamína („constructeur poseur de cheminées et de poêles en faïence“),
- prentara („imprimeur“),
- fjölmiðlamenn („opérateur média“),
- silkiprentara („sérigraphie“),
- bókbindara („relieur“),
- smíði lækninga- og skurðlækningatækja („mécanicien de matériel médico-chirurgical“),
- ökukennara („instructeur de conducteurs de véhicules automoteurs“),
- framleiðendur/uppsetningarmenn járnklæðninga og þaka („fabricant poseur de bardages et toitures métalliques“),
- ljósmyndara („photographe“),
- hljóðfærasmíði og -viðgerðarmenn („fabricant réparateur d'instruments de musique“),
- sundkennara („instructeur de natation“),

í Austurríki:

- byggingameistara („Baumeister hinsichtl. der ausführenden Tätigkeiten“),
- bakara („Bäcker“),
- þá sem annast boranir brunna („Brunnenmeister“),
- þaklagningarmenn („Dachdecker“),
- rafvirkja („Elektrotechniker“),
- slátrara („Fleischer“),
- hárgreiðslufólk og hárkollugerðarmenn (stílisti) („Friseur und Perückenmacher (Stylist)“),
- tæknimenn við uppsetningu gaslagna og hreinlætistöskja („Gas- und Sanitärtechnik“),
- glersmiði („Glaser“),
- starfsmenn við glerjun og glerslípun („Glasbeleger und Flachglasschleifer“),
- glerblásara og glergerðarmenn („Glasbläser und Glasapparatebauer“),
- slípun og mótun glerlátá (tengt iðnnám) („Hohlglasschleifer und Hohlglasveredler (verbundenes Handwerk)“),
- ofnaframleiðendur („Hafner“),
- varmatækna („Heizungstechnik“),
- lofttræstætækna (tengt iðnnám) („Lüftungstechnik (verbundenes Handwerk)“),
- kælitækna („Kälte- und Klimatechnik“),

- samskiptarafeindatækna („Kommunikationselektronik“),
- kökugerðarmenn (confectioner), þ.m.t. framleiðsla á hunangskökum (engiferkökum), sykurlúðum ávöxtum, rjómaís og súkkulaði („Konditor (Zuckerbäcker) einschl. der Lebzelter und der Kanditen-Gefrorenes- und –Schokoladewarenerzeugung“),
- rafeindavélfræðinga bifvéla („Kraftfahrzeugtechnik“),
- framleiðendur yfirbygginga, þ.m.t. þeir sem starfa að bílaréttingum og lökkun (tengt iðnnám) („Karosseriebauer einschl. Karosseriespengler u. -lackierer (verbundenes Handwerk)“),
- plasttækna („Kunststoffverarbeitung“),
- húsamálara („Maler und Anstreicher“),
- lakkara („Lackierer“),
- þá sem starfa að gyllingu og skreytingu („Vergolder und Staffierer“),
- skiltagerðarmenn (tengt iðnnám) („Schilderherstellung (verbundenes Handwerk)“),
- rafeindavélfræðinga í rafmagnsverkfræði og sjálfvirkni („Mechatroniker f. Elektromaschinenbau u. Automatisierung“),
- rafeindavélfræðinga í rafeindatækni („Mechatroniker f. Elektronik“),
- skrifstofu- og upplýsingatækna („Büro- und EDV-Systemtechnik“),
- rafeindavélfræðinga í véla- og framleiðslutækni („Mechatroniker f. Maschinen- und Fertigungstechnik“),
- rafeindavélfræðinga í lækningatækjum (tengt iðnnám) („Mechatroniker f. Medizingerätetechnik (verbundenes Handwerk)“),
- yfirborðstækna („Oberflächentechnik“),
- málmhönnuði (tengt iðnnám) („Metalldesign (verbundenes Handwerk)“),
- lásasmiði („Schlosser“),
- járnsmiði („Schmied“),
- landbúnaðarvélfræðinga („Landmaschinentechnik“),
- pípulagningarmenn („Spengler“),
- koparsmiði (tengt iðnnám) („Kupferschmied (verbundenes Handwerk)“),
- steinhöggvara, þ.m.t. framleiðsla á gervisteinum og terrassó („Steinmetzmeister einschl. Kunststeinerzeugung und Terrazzomacher“),
- múrara sem vinna við gifsskreytingar og -húðun („Stukkateur und Trockenausbauer“),
- húsgagnasmiði („Tischler“),
- módelismiði („Modellbauer“),
- beykja („Binder“),
- rennismiði („Drechsler“),
- bátasmiði („Bootsbauer“),
- myndhöggvara (tengt iðnnám) („Bildhauer (verbundenes Handwerk)“),

- þá sem starfa við súlfun („Vulkaniseur“),
- byssusmiði (þ.m.t. viðskipti með vopn) („Waffengewerbe (Büchsenmacher) einschl. des Waffenhandels“),
- þá sem starfa við hita-, hljóð- og eldeinangrun („Wärme- Kälte- Schall- und Branddämmer“),
- trésmiðameistara („Baumeister hinsichtl. der ausführenden Tätigkeiten“),

sem felur í sér a.m.k. þrettán ára nám alls, þ.m.t. a.m.k. þriggja ára starfsnám sem er liður í skipulögðu námi og skiptist í a.m.k. þriggja ára nám á námssamningi sem felur í sér þjálfun að hluta til á vinnustað og að hluta í starfsmenntastofnun sem lýkur með prófi, til viðbótar við fræðilegt og verklegt nám sem meistaranemi. Staðið meistaraþróf veitir rétt til að starfa sjálfstætt í greininni, þjálfa lærlinga og að nota titilinn „meistari“ („Meister/Maitre“).

4. Í 4. lið „Tæknistörf“ falla orðin „á Ítalíu“ brott.

II. Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

Í stað textans undir „Í Hollandi“ komi eftirfarandi:

„Lögverndað nám sem samsvarar menntunarstigi 3 eða 4 á landsskrá yfir faglegt nám, sem komið er á fót með lögnum um menntun og faglegt nám, eða eldra nám á samsvarandi stigi.

3. og 4. stigi í hæfismatskerfinu er lýst á eftirfarandi hátt:

- 3. stig: Ábyrgð á beitingu og samsetningu staðlaðra aðferða. Samsetning og hönnun aðferða samkvæmt vinnuskipulagi og undirbúningsvinnu. Geta til að réttlæta þessa starfsemi fyrir samstarfsfólki (án stigskiptra tengsla). Stigskipt ábyrgð á eftirliti og stuðningi við beitingu aðferða með notkun annarra staðlaðra eða sjálfvirkra aðferða. Þetta stig tengist aðallega faglegri hæfni og þekkingu.
- 4. stig: Ábyrgð á framkvæmd úthlutaðra verkefna og einnig á samsetningu eða hönnun nýrra aðferða. Geta til að réttlæta þessa starfsemi fyrir samstarfsfólki (án stigskiptra tengsla). Full stigskipt ábyrgð á áætlanagerð og/eða stjórnun og/eða skipulagningu og/eða þróun framleiðsluferlisins í heild. Þetta stig tengist hæfni og þekkingu sem er sérhæfð og/eða ótengd starfsgreininni.

Þessi tvö stig samsvara a.m.k. 15 ára lögvernduðu námi sem krefst þess að átta ára grunnskólanámi og í kjölfarið fjögurra ára undirbúningsstarfsnámi á millistigi (VMBO) hafi verið lokið á fullnægjandi hátt svo og að lokið hafi verið með prófi a.m.k. þriggja ára námi á 3. eða 4. stigi við sérskóla á miðstigi (MBO). (Heimilt er að stytta meðalnámstíma í starfsnámi úr þremur árum í tvö ár hafi nemandinn menntun og hæfi til að setjast í háskóla (hafi lokið 14 ára námi) eða til að setjast í starfsnám á háskólastigi (hafi lokið 13 ára námi)).

Hollensk yfirvöld munu senda framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skrá yfir það nám sem fellur undir þennan viðauka.“